





Reykjavík, 15. september 2026
USK26060106

Mörkin 8 – Breyting á deiliskipulagi / VA

Lögð fram umsókn Fasteignarinnar Markarinnar ehf., dags. 5. júní 2026, um breytingu á deiliskipulagi Sogamýrar vegna lóðarinnar nr. 8. við Mörkina. Í breytingunni sem lögð er til felst að hækka hæð frístandandi húss undir félagsaðstöðu úr 5,3 m í 6,2 m, samkvæmt uppd. KRark, dags. 5. júní 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040
svæði



Gildandi deiliskipulag



Skýringarmynd af

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á borgarluta

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Sogamýri auglýst ú Stjórnartíðindum þann 9.júní 2026. ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Skipulagsfulltrúi óskaði eftir frekari upplýsingum um erindið þar sem nýlega var samþykkt breyting á deiliskipulagi svæðisins. Hönnuður sendi frekari útskýringu á erindinu.

Óskað er eftir að hækka fyrirhugaða byggingu um 0,9 m til að skapa nægilega lofthæð fyrir bílalyftu sem íbúar geta notað.

Erindið er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag. Samkvæmt gildandi deiliskipulagi er heimilt að reisa allt að 100 m² stakstæða, einnar hæðar byggingu á suðurhluta lóðarinnar sem ætlað er að hýsa félagsaðstöðu íbúa auk geymslu fyrir hjól og rafskútur.

Tekið er neikvætt í erindið þar sem fyrirhuguð notkun samræmist ekki íbúðarbyggð og þeirri starfsemi sem gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir á lóðinni.



Aðstaða til viðgerða á bifreiðum myndi að jafnaði leiða til aukinnar umferðar ökutækja til og frá húsinu. Bílastæði og aðkoma að lóðinni eru fyrirhuguð fyrir framan hús og er því talið að það hafi áhrif á umhverfi og notkun dvalarsvæðisins.

Niðurstaða

- Synjað að breyta deiliskipulagi, samanber umsögn hér að ofan.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Valný Aðalsteinsdóttir, arkitekt og verkefnastjóri



Reykjavík